

2332. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 19. júní 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Edvard Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir
Jón Sigurður Pétursson
Ólafur Hrafn Ólafsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Trausti Hjaltason
Þorsteinn Haukur Harðarson

Á Teams:

Guðmundur Hafþórsson
Tryggvi Gunnarsson

Forföll:

Sigrún Ríkharðsdóttir
Tinna Hrund Hlynisdóttir
Þorkell Máni Pétursson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri
Ómar Smárason samskiptastjóri sem ritaði fundargerð
Axel Kári Vignisson lögfræðingur

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2331). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
2. Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF
 - a. Lögð fram fundargerð frá síðasta fundi dómaranefndar (6. maí) þar sem m.a. var fjallað um stöðuna á landsdómarahópnum, VAR á Íslandi, fjölda varamanna í upphitun og beiðni frá Sýn sport um dómarasérfræðing í Bestu mörkin. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar (14. maí) þar sem m.a. var fjallað um skráningu sjúkragagna, leyfiskerfi KSÍ og mönnun lækna og sjúkraþjálfara í landsliðsverkefnum. Lögð fram fundargerð frá fyrsta fundi viðurkenningarnefndar (27. maí) þar sem m.a. var fjallað um verklag og hagnýt atriði.
 - b. Heimir Fannar Gunnlaugsson formaður ÍTF greindi frá nýjustu fréttum af vettvangi samtakanna.

Heimir ræddi m.a. umfjöllun um aðsóknartölur frá Bestu deildum kvenna og karla, mikilvægi þess að rýna gögn og samanburð m.a. í samhengi við höfðatölu, og markaðsaðgerðir ÍTF og félaganna sjálfra. Ingi Sigurðsson varaformaður stjórnar KSÍ rýndi aðsóknartölur í Bestu deildunum fyrir fundinn, fór yfir tölur og samanburð við síðustu ár, og tölurnar sýna fækkun áhorfenda milli ára. Rætt almennt um leiðir og kerfi til að telja áhorfendur með markvissum og nákvæmum hætti - rafræna miðasölu,

inngönguhlið og fleira.

Nýr samningur við Genius sport er í vinnslu, þar sem gögn um íslenskan fótbolta eru seld áfram. Góð reynsla er af núverandi samstarfi við Genius.

Stjórnarmenn ræddu aftur almennt um markaðsmál í Bestu deildum og m.a. sköpuðust umræður um veitingasölu og sölu áfengis á leikjum. Allir fundarmenn sammála um að það sé skýrt að félög verði að fara að lögum. Fram kom í máli Heimis Fannars að félögin eru almennt með viðeigandi leyfi en að sá vandi sem fjallað er um m.a. í fjölmiðlum virðist bundinn að mestu við Reykjavíkurborg. ÍTF myndi fagna samtali við þar til bæra aðila um hvernig þessum málum á að vera háttað.

3. Upplýsingagjöf milli funda frá framkvæmdastjóra / skrifstofu

- a. Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri fjallaði stuttlega um ýmis verkefni skrifstofu síðustu vikur og mánuði. Landsleikir og verkefni landsliða hafa verið fyrirferðarmikil og þá sér í lagi undirbúningur fyrir EM kvenna. Unnið er að umsóknum KSÍ í ýmsa HatTrick styrki UEFA eins og venjan er á þessum árstíma. Dregið hefur verið í Evrópukeppnir félagsliða og styður starfsfólk KSÍ með ýmsum hætti við verkefni félaganna í tengslum við Evrópuleiki. Skrifað hefur verið undir áframhaldandi æfingar yngri landsliða í Miðgarði í Garðabæ. Spiideo myndavélar til félaga í 2. deild er mikilvægt verkefni sem er komið á fullt. Styrkur úr hamfarasjóði UEFA til Grindavíkur hefur verið staðfestur. FIFA vinnustofa í Miami var haldin nýlega og þar kom margt athyglisvert fram, t.d. er FIFA að setja á fót sparkvallaverkefni (vellið svipaðir þeim sem eru víða á Íslandi) og áætlað er að byggja um eitt þúsund velli víðs vegar um heiminn á næstu þremur árum, þar sem hvert aðildarland á möguleika á að fá tvo velli (FIFA greiðir 80% af kostnaði og ákveðin kostnaðar- og verkaskipting er milli FIFA og viðkomandi knattspyrnusambands). Undirbúningur Norðurlandafundar knattspyrnusambanda er í fullum gangi, en fundað verður á Íslandi í ágúst. Mæting er góð frá öllum Norðurlöndunum og fram kom í máli Eysteins að þetta verði nokkuð umfangsmikil ráðstefna. Jón Sigurður Pétursson (varastjórn) spurði um mögulega styrki vegna framkvæmda á Laugardalsvelli og varð Þorvaldur formaður til svara. Rætt hefur verið við bæði UEFA og FIFA um þau mál, mögulegar styrkjaleiðir og útfærslur, og rætt verður nánar við bæði þessi sambönd á næstu vikum. KSÍ vill, með stuðningi UEFA og FIFA, leggja sitt af mörkum til að koma til móts við og liðka fyrir viðræðum við ríki og borg. Áfram var rætt um mannvirkjamál og m.a. spurt um undanþágu UEFA til KA vegna leikvangs í Evrópukeppni, þar sem KA fékk leyfi til að leika á sínum heimavelli á Akureyri. Allir stjórnarmenn sammála um að það skipti miklu máli fyrir félögin að geta leikið sem flesta Evrópuleiki á sínum heimavöllum. Jón Sigurður formaður mannvirkjanefndar ræddi áfram um mannvirkjamál, m.a. almennt um fjölda leikvanga í einu/hverju sveitarfélagi, og hvort einhvers staðar hafi komið til umræðu að til dæmis tvö félög komi sér saman um einn aðalleikvang, en séu þó með aðskilda æfingaaðstöðu. Umræður sköpuðust og í framhaldinu var einnig rætt almennt um fjölda félaga í einu/hverju sveitarfélagi í samhengi við fjölda keppnisvalla.

4. Fréttir frá landshlutafulltrúum

- a. Áður en landshlutafulltrúum var gefið orðið kom formaður inn á verkefni nýstofnaðrar viðurkenninganefndar. Halldór Breiðfjörð formaður nefndarinnar tók við og hvatti landshlutafulltrúa til að vera virka í stuðningi við starf og verkefni nefndarinnar. Trausti Hjaltason (Suðurland) fór lauslega yfir mót yngri flokka sem haldin eru á Selfossi

og í Vestmannaeyjum, þetta eru stór mót og umfangsmikil og virkilega gaman að sjá grasrótastarfið í blóma. Trausti, sem er einnig formaður grasrótarnefndar KSÍ, kom aðeins inn á Molaverkefni KSÍ sem hefur verið fastur liður í grasrótastarfi hvers sumars, göngufótbolta hjá Prótti, og fótboltaverkefni hjá Vestra fyrir innflytjendur og þá hefur Trausti einnig verið að kynna sér starf og verkefni starfsfólks svæðisstöðva íþróttahéraða (ÍSÍ) og tengja við verkefni landslutafulltrúa KSÍ.

Guðmundur Hafþórsson (Austurland) sagði fréttir af Austurlandi, þar sem m.a. á sér stað mikil uppbygging í Neskaupstað þar sem byggður hefur verið völlur með stúku. Í framhaldi af umræðu hér ofar um aðsókn að leikjum Bestu deildar kvenna nefndi Guðmundur að FHL er með næstflesta áhorfendur í í deildinni að meðaltali. Það er mikill áhugi í kringum liðið og góður stuðningur, starf yngri flokka í blóma og sameinuð lið ganga vel. Vissulega er það þannig að krakkar séu að ferðast mikið landshorna á milli og taka nokkra leiki í hverri ferð, sem getur verið áskorun, og að sama skapi nokkuð um það að verið sé að fresta og færa heimaleiki þar sem gestaliðið er af höfuðborgarsvæðinu. Þorsteinn Haukur Harðarson (Vesturland) greindi frá því að knattspyrnustarfið gangi vel, og eins og með mótið á Suðurlandi sem Trausti kom inn á nefndi Þorsteinn að Norðurlásmótið á Akranesi sé alltaf ákveðinn hápunktur, þó vallarmálin séu áskorun. Hálf höll er að rísa í Borganesi og verklok áætluð 2026. Ein helsta áskorunin í knattspyrnustarfinu í Borgarnesi er það verðuga og mikilvæga verkefni að taka á móti stórum hópi flóttamanna, mestmegnis Úkraínumönnum sem búa á Bifröst, og skapa þeim umgjörð og tækifæri til knattspyrnuíðkunar. Mikil ánægja er á Ólafsvík með Spiideo verkefnið sem komið var inn á hér að ofan.

Trausti tók undir orð Guðmundar um að erfiðlega gangi að fá lið af höfuðborgarsvæðinu til að koma út á land og spila, mikið um frestanir sem koma seint vegna þess að ekki næst að manna lið. Þorsteinn tók undir þetta og sagði sömu stöðu uppi á Vesturlandi. Rætt almennt um mögulegar leiðir (viðurlög eða annað) til að draga úr þessari þróun, þar sem seint til komnar frestanir eru alltof algengar í leikjum yngri flokka. Í dag er vissulega breytingagjald. Helga Helgadóttir (og fleiri) tóku til máls. Mjög mörgum leikjum er breytt þrátt fyrir ítrekanir mótastjórnar við undirbúning mótanna um að félög skipuleggi sig betur fram í tímann.

5. Lög og reglugerðir

- a. Axel Kári Vignisson lögfræðingur fór yfir minnisblað þar sem fjallað er um helstu breytingar/uppfærslur á sérákvæðum reglna FIFA um kvenleikmenn (fæðingarorlof leikmanna og þjálfara og fleira) í reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna, sem samböndin eru skyld til að taka upp. *Stjórn samþykkti að vísa málinu til laga- og leikreglanefndar og fela nefndinni að leggja til útfærslu á breytingunum í reglugerðum KSÍ, og leggja svo fyrir stjórn til samþykktar.*
- b. Axel Kári fór yfir greinargerð starfshóps um endurskoðun á staðalsamningum KSÍ, þar sem fjallað er um tiltekin atriði í lögum og reglum KSÍ, UEFA og FIFA. Á meðal umfjöllunarefna greinargerðarinnar voru ímyndarréttur, tryggingar leikmanna, tengsl við stéttarfélag, orlof, hlutur leikmanns í kaupverði og launþegasamband/verktakasamband, svo eitthvað sé nefnt. Nokkrar umræður sköpuðust og kom Hildur Jóna Þorsteinsdóttir m.a. inn á sína reynslu af tryggingum leikmanna og skyldum félaga. Fram kom í máli Axels Kára að starfshópurinn ræddi um þrenns konar samninga - launþegasamninga, verktakasamninga, og sérstaka samninga fyrir kvenkyns leikmenn vegna sérákvæða í tengslum við barneignir.
- c. Næst fjallaði Axel Kári um persónuvernd í knattspyrnuhreyfingunni, þar sem (eins og í

öðrum íþróttagreinum) er mikið verið að vinna með persónuupplýsingar, s.s. gögn og myndefni, t.d. til leikgreiningar. Hlutir eins og fjöldi leikja og marka, félagaskipti, leikmannasamningar og ýmislegt fleira sem er verið að birta opinberlega. Allt eru þetta gögn sem ættu að vera varin með persónuverndarlögum. *Lögfræðingi KSÍ falið að vinna málið áfram með framkvæmdastjóra KSÍ.*

- d. Nokkuð hefur verið fjallað um væntanlegt skólaþorp sem Reykjavíkurborg áætla að muni rísa í Laugardalnum, nánar tiltekið á bílastæði við Laugardalsvöll. Axel Kára lögfræðingi KSÍ var falið að skoða málið og fór hann stuttlega yfir hverjar þessar áætluðu framkvæmdir væru og til hvaða andsvara KSÍ hefur gripið. Í máli Axels kom fram að ekki fáið skýr svör frá borginni, að ekki sé búið að skipuleggja svæðið að fullu en engu að síður eru hafnar framkvæmdir og undirbúningsvinna skv. gildandi deiliskipulagi. KSÍ hefur fengið frest til að skila enn frekari athugasemdum til Reykjavíkurborgar. Stjórnarmenn ræddu möguleg næstu skref og ræddu einnig um hversu hart KSÍ eigi að ganga fram til að mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum. Rætt um samlagsáhrif með því m.a. að ræða við önnur sérsambönd með starfsemi í Laugardalnum og við ÍSÍ. KSÍ hefur t.a.m. lagt til við borgina að skoða heldur varanlega lausn og samlegðaráhrif við uppbyggingu þjóðarleikvangsins Laugardalsvallar með því að byggja skólann samhliða og í sömu byggingu og stúka við suðurhlíð Laugardalsvallar. KSÍ hefur skilning á erfiðleikum í skólamálum í Reykjavík og aðstaða á Laugardalsvelli hefur reglulega verið nýtt í samráði og samstarfi KSÍ og borgaryfirvalda, sem hefur vissulega þrengt mjög að starfsemi KSÍ. Margir tóku til máls og lýstu yfir miklum áhyggjum af þessum framkvæmdum og verulega neikvæðum áhrifum þeirra á þjóðarleikvanginn í knattspyrnu og þá viðburði sem þar fara fram og í nágrenni hans, og neikvæðum áhrifum á starfsemi KSÍ. *Stjórn KSÍ lýsir yfir miklum áhyggjum af fyrirhuguðum framkvæmdum og byggingu skólaþorps á svæði Laugardalsvallar, og lýsir jafnframt yfir vonbrigðum með samráð og samvinnu skipulagsyfirvalda með KSÍ í þessu viðkvæma máli.*
- e. Tillaga mannvirkjanefndar vallarleyfi C fyrir Bogann á Akureyri. *Samþykkt rafrænt milli stjórnarfundar.*
- f. Tillaga dómaranefndar um takmörkun varamanna í upphitun. *Samþykkt rafrænt milli stjórnarfundar.*

6. Móta- og dómaramál

- a. Helga Helgadóttir formaður mótanefndar fór stuttlega yfir mótamál. Mörg verkefni eru vissulega áskorun en heilt yfir hefur mótahald gengið vel, þó mikið sé um tilfærslur leikja. Mjólkurbikar karla og kvenna er í fullum gangi og komið að undanúrslitum í báðum mótum.
- b. Halldór Breiðfjörð dómaranefndarmaður fór yfir nýlegar breytingar IFAB á knattspyrnulögunum og lagði til að breytingarnar taki strax gildi í mótum á Íslandi. Um er að ræða breytingar á 10. og 14. gr. knattspyrnulaganna sem taka gildi alþjóðlega í næsta mánuði: 10. grein – Hvernig úrslit leikja ráðast og 14. grein – Vítaskyrti - Túlkun laganna við tvær snertingar. *Stjórn KSÍ samþykkti að breytingarnar taki gildi strax í mótum héraðs.*

7. Landsliðsmál / EM kvenna

- a. Þorvaldur fór stuttlega yfir landsliðsmál almennt. Margir landsleikir hafa verið leiknir á undanförunum vikum og mánuðum - A landslið og yngri landslið beggja kynja. Rætt var um jafnvægi milli þróunar landsliða/leikmanna og þess að sækja úrslit. Einnig rætt um mikilvægi þess að fylgjast vel með kostnaði við verkefni landsliða.

8. Laugardalsvöllur - Staða mála

- a. Mikil ánægja var meðal allra hlutaðeigandi með að A landslið kvenna hafi náð að leika við Frakka í Þjóðadeild UEFA á nýjum leikfleti Laugardalsvallar. Verið er að meta hvernig til tókst og hvernig megi klára vinnu við umhverfið og er SIS - fyrirtækið sem lagði leikflötinn - að styðja vel við verkið.
- b. Ljósamál/flóðlýsing eru stórt verkefni sem ráðast verður í og að klára eins fljótt og mögulegt er. Þar þarf annars vegar að lagfæra og aðlaga þá lýsingu sem er til staðar og hins vegar að vinna að LED-væðingu lýsingarinnar til framtíðar. Þegar leikflötur er færður þá hefur það áhrif á lýsinguna, því ljósamöstur og staðsetning þeirra miðast við fyrri staðsetningu leikflatarins. Verið er að vinna að lausnum. Framkvæmd verður úttekt í byrjun ágúst af úttektaraðila UEFA og í framhaldinu unnið að endurbótum fyrir landsleiki haustsins.

9. Önnur mál

- a. Eysteinn Pétur fór yfir nýjan samning við RÚV og MS um bikarkeppni karla og kvenna og stiklaði á stóru um breytingar milli samninga. Stjórnarmenn ræddu ýmislegt í tengslum við bikarkeppnina - um samninginn, markaðsstarf, verðlaunafé, tekjur og kostnað félaga og KSÍ við leiki í keppninni. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela framkvæmdastjóra að stofna vinnuhóp til að fara yfir framkvæmd og fjárhagslegt skipulag bikarkeppninnar sem skili sínum tillögum til stjórnar fyrir lok október.*
- b. Eysteinn Pétur fór stuttlega yfir þá vinnu sem fram hefur farið við undirbúning árlegs Norðurlandafundar í ágúst þar sem saman koma stjórnarmenn og aðrir fulltrúar allra knattspyrnusambanda á Norðurlöndum. Fundurinn fer að þessu sinni fram á Íslandi dagana 15. og 16. ágúst.
- c. Ingi Sigurðsson kom inn á vinnu starfshóps sem var skipaður af fyrri stjórn og var falið að yfirfara annars vegar stjórnarhætti (Good Governance) og hins vegar verkaskiptingu stjórnar, formanns og framkvæmdastjóra. Hópurinn kláraði fyrra verkið, en seinna verkið er óklárað. *Stjórn KSÍ samþykkti að fela framkvæmdastjóra að skipa nýjan starfshóp til að ljúka vinnu við að yfirfara verkaskiptingu stjórnar, formanns, varaformanna og framkvæmdastjóra.*

Fundi slitið kl. 18:20.

Fundarritari: Ómar Smáráson

Næstu fundir 12. ágúst, 18. sept, 16. okt, 20. nóv. og 18. des.

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir

Jón Sigurður Pétursson

Trausti Hjaltason

Þorsteinn Haukur Harðarson

Undirritunarsíða

Guðmundur Björnsson Hafþórsson

Tryggvi Þór Gunnarsson

Eysteinn Pétur Lárusson

Edvard Börkur Edvardsson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Ólafur Hrafn Ólafsson